

Borgarráð

### ***Grænt bókhald Reykjavíkurborgar***

Lögð er fram skýrsla starfshóps um grænt bókhald Reykjavíkurborgar dags. 24. nóvember 2016. Lagt er til að eftirfarandi tillögur starfshópsins verði samþykktar og vísað til meðferðar innkaupadeildar:

- Í samningum um innkaup á vörum, þjónustu og framkvæmdum frá því 1. janúar 2017 verði ávallt ákvæði um að birgar skulu geta upplýst um magn innkaupa og hlutfall umhverfismerkja skv. grænu bókhaldi í grænum skrefum Reykjavíkurborgar.
- Innkaupadeild verði falið að kalla eftir viðeigandi magnupplýsingum frá birgjum svo unnt sé að bæta við viðbótarflokkum í grænt bókhald, s.s. pappír, hreinlætisvörur og aðrar rekstrarvörur. Lagt er til að í skapalónum innkaupadeildar sem notuð eru við gerð útboða verði sér kafli sem ætlaður er umhverfisskilyrðum. Innkaupadeild verði falið að halda utan um fjölda útboða með innkaupaskilyrðum VINN og/eða ESB.

Greinargerð:

Hlutverk starfshóps um grænt bókhald Reykjavíkurborgar samkvæmt erindisbréfi var að koma upp grænu bókhaldi fyrir starfseiningar í A-hluta Reykjavíkurborgar árið 2016 og voru helstu verkefni að gera tillögur að umhverfisþáttum sem grænt bókhald taki til, s.s. eldsneytisnotkun, úrgangsmýndun og raforkunotkun, gera tillögur að útfærslu græns bókhalds í bókhaldskerfi Reykjavíkurborgar og gera tillögur að úrvinnslu og framsetningu græns bókhalds hjá Reykjavíkurborg.

Tillögur starfshópsins miða að því að tengja umhverfisþætti sem grænt bókhald tekur til við loftslagsmarkmið Reykjavíkurborgar og færa til samræmis við grænt bókhald VINN og græn skref Reykjavíkurborgar, en færsla bókhalds í grænum skrefum var endurskoðuð samhliða nýrri loftslagsstefnu, nú munu allir starfsstaðir Reykjavíkurborgar færa bókhald fyrir úrgang í skrefi 1 og fyrir rafmagn og heitt vatn, ferðir, pappír, ræstingar og aðrar rekstrarvörur í skrefi 2.

Ábyrgðaraðili birtingar græns bókhalds fyrir Reykjavíkurborg í heild sinni verði verkefnastjóri grænna skrefa á umhverfis- og skipulagssviði. Grænt bókhald verði kynnt borgarráði samhliða ársuppgjöri borgarinnar og samræmd birting verði í gegnum heimasíðu grænna skrefa þaðan sem mögulegt er að tengja við heimasíðu Reykjavíkurborgar. Samráðsnefnd grænna skrefa haldi utan um þættina sem grænt bókhald tekur til fyrir viðkomandi svið. Æskilegt er að fulltrúar í samráðsnefndinni komi frá öllum sviðum og hafi

skýrt hlutverk þegar kemur að tengingu við fjárhagsuppgjör, tölfræðiúrvinnslu eða gagnamál. Samráðsnefndin fylgist með stöðu mála á sviðinu, kemur með tillögur að stefnubreytingum eða aðgerðum fyrir sviðið í heild og er í samstarfi við innkaupadeild, verkefnastjóra grænna skrefa, tölfræði og greiningu og eftir atvikum aðra um útfærslu umbóta. Fulltrúar hvers sviðs í samráðsnefndinni eru í samskiptum við umhverfisfulltrúa sem eru ábyrgir fyrir færslu bókhaldsins á hverjum starfsstað. Birtingin verði tvíþætt, annars vegar fyrir Reykjavíkurborg í heild og hins vegar hver og einn starfsstaður. Tengja má grænt bókhald fjárhagsuppgjöri í auknum mæli og horfa til samræmdrar birtingar, til dæmis í gegnum ársskýrslu Reykjavíkurborgar, en slíkar skýrslur hafa gefist vel til þess að draga fram áhersluatriði í rekstri og árangur í umhverfis- og samfélagsmálum.

Tölfræði og greining í miðlægri stjórnsýslu verði ábyrg fyrir aðgengileika gagna og verður í samstarfi við verkefnastjóra grænna skrefa um útfærslu samræmdrar birtingar.

Fjármálaskrifstofa hafi aðgengilegar fyrirspurnir í skýrslu hluta bókhaldskerfisins þar sem tengiliðir sviða og ábyrgðaraðilar geta nálgast upplýsingar um stöðu mála, sett í samhengi við breytur eins og fjölda stöðugilda og tekið saman mælikvarða til miðlunar á árangri.

Sá möguleiki er fyrir hendi að kalla eftir nauðsynlegum upplýsingum frá birgjum í rammamálum og taka saman handvirkt. Starfshópurinn leggur til að flokkurinn pappír, ræstingar og aðrar rekstrarvörur verði hluti af grænu bókhaldi þegar mögulegt er að halda utan um upplýsingar í ferli sem er sjálfvirkara. Innkaupadeild verði falið að kalla eftir viðeigandi magnupplýsingum frá birgjum og útboð og verðfyrirspurnir endurskoðuð með umhverfisskilyrði að leiðarljósi.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Skýrsla starfshóps um grænt bókhald Reykjavíkurborgar dags. 24. nóvember 2016.



## Grænt bókhald Reykjavíkurborgar

---

*24. nóvember 2016*

---

## Innihald

Tillögur að umhverfisþáttum fyrir grænt bókhald.....	4
Útfærsla og framsetning .....	5
Almennt fyrirkomulag .....	5
Umhverfisflokkar .....	6
Rafmagn og heitt vatn .....	6
Eldsneytisnotkun/ferðir .....	7
Úrgangur/endurvinnsla .....	8
Viðbótarflokkar .....	8
Pappír .....	8
Ræstingar .....	8
Aðrar rekstarvörur .....	9
Innkaup með umhverfisskilyrðum .....	9
Erindisbréf starfshóps um grænt bókhald Reykjavíkurborgar .....	10

**Starfshópurinn skipaðu:**

Þórhildur Ósk Halldórsdóttir, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Lúðvík Vilhelmsson, fjármálaskrifstofu

Guðmundur B. Friðriksson (fyrir Eygerði Margrétardóttur), Umhverfis- og skipulagssvið

**Ráðgjafar var leitað hjá eftirfarandi:**

Hrönn Hrafnisdóttir, verkefnastjóri grænna skrefa

Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir og Gunnar Guðjón Ingvarsson, innkaupaskrifstofu

Ólafur I. Halldórsson, skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar

Þorvaldur Finnbogason, rekstarstjóri mæla- og tengiþjónustu Orkuveitu Reykjavíkur

Hólmfríður Þorsteinsdóttir, sérfræðingur á sviði sjálfbærni hjá Umhverfisstofnun

Hlutverk starfshópsins samkvæmt erindisbréfi var að koma upp grænu bókhaldi fyrir starfseiningar í A-hluta Reykjavíkurborgar árið 2016.

Helstu verkefni:

- Tillögur að umhverfisþáttum sem grænt bókhald taki til, s.s. eldsneytisnotkun, úrgangsmýndun og raforkunotkun
- Tillögur að útfærslu græns bókhalds í bókhaldskerfi Reykjavíkurborgar
- Tillögur að úrvinnslu og framsetningu græns bókhalds hjá Reykjavíkurborg

Hópurinn hittist 6 sinnum og lauk störfum 1. maí 2016.

## Tillögur:

- Lagt er til að umhverfisþættir sem grænt bókhald fyrir Reykjavíkurborg í heild verði í samræmi við grænt bókhald í Grænum skrefum Reykjavíkurborgar. Til að byrja með verði bókhald birt fyrir: rafmagn og heitt vatn, eldsneytisnotkun/ferðir og úrgangur/endurvinnsla.
- Lagt er til að unnið verði að birtingu fyrir pappír, ræstingar og aðrar rekstrarvörur og að grænt bókhald Reykjavíkurborgar nái einnig til fjölda útboða með umhverfisskilyrðum VINN<sup>1</sup> og/eða ESB.
- Í skýrslu starfshópsins er lagt til verklag við skráningu á hverjum og einum þætti og er miðað við að ferlið sé sem sjálfvirkast.
- Lagt er til að fjármálaskrifstofu verði falið að útbúa einfaldar fyrirspurnir í bókhaldskerfinu fyrir grænt bókhald sem verði aðgengilegar í sér möppu „Grænt bókhald“.
- Lagt er til að viðkomuland verði skráð þegar ferðaheimildir eru stofnaðar í bókhaldi.
- Lagt er til að grænt bókhald fyrir Reykjavíkurborg í heild verði kynnt borgarráði samhliða ársuppgjöri borgarinnar.
- Lagt er til að birting græns bókhalds verði í gegnum vefsíðuna [graenskref.reykjavik.is](http://graenskref.reykjavik.is) og þaðan verði tengt við heimasíðu Reykjavíkurborgar. Ábyrgðaraðilar birtingar fyrir Reykjavíkurborg í heild sinni verði verkefnistjóri Grænna skrefa á Umhverfis- og skipulagssviði og tölfræði og greining á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara í Miðlægri stjórnslu.
- Lagt er til að tengiliður á hverju sviði haldi utan um þættina sem grænt bókhald tekur til fyrir viðkomandi svið og að umhverfisfulltrúar Grænna skrefa geti skráð grænt bókhald fyrir sinn starfsstað sérstaklega, auk þess sem grænt bókhald fyrir skilgreinda umhverfisþætti verði birt fyrir Reykjavíkurborg í heild sinni.
- Í samningum um innkaup á vörum, þjónustu og framkvæmdum frá því 1. janúar 2017 verði ávallt ákvæði um að birgar skulu geta upplýst um magn innkaupa og hlutfall umhverfismerkja skv. grænu bókhaldi í Grænum skrefum Reykjavíkurborgar.
- Innkaupaskrifstofu verði falið að kalla eftir viðeigandi magnupplýsingum frá birgjum svo unnt sé að bæta við viðbótarflokkum í grænt bókhald, s.s. pappír, hreinlætisvörur og aðrar rekstrarvörur. Lagt er til að í skapalónum innkaupaskrifstofu sem notuð eru við gerð útboða verði sér kafli sem ætlaður er umhverfisskilyrðum. Innkaupaskrifstofu verði falið að halda utan um fjölda útboða með innkaupaskilyrðum VINN og/eða ESB.

---

<sup>1</sup> Vistvæn innkaup

## Tillögur að umhverfisþáttum fyrir grænt bókhald

Eðlilegt er að tengja umhverfisþætti sem grænt bókhald tekur til við loftslagsmarkmið Reykjavíkurborgar. Markmiðasetning Reykjavíkurborgar í loftslagsmálum tekur til losunar gróðurhúsalofttegunda frá bílum í starfsemi Reykjavíkurborgar, losunar vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu, losunar vegna vinnutengdra flugferða starfsmanna og magns úrgangs frá starfsemi Reykjavíkurborgar. Ákveðin samlegðaráhrif eru fólgin í því að taka þessar upplýsingar saman fyrir borgina í heild svo mögulegt sé að taka stöðuna og tengja við markmiðasetningu í loftslagsmálum<sup>2</sup>.

Starfshópurinn skoðaði útfærslumöguleika út frá uppsetningu í grænu bókhaldi VINN og grænna skrefa Reykjavíkurborgar. Færsla bókhalds í Grænum skrefum hefur verið endurskoðuð samhliða nýrri loftslagsstefnu og nú munu allir starfsstaðir Reykjavíkurborgar færa bókhald fyrir úrgang/endurvinnslu í skrefi 1 og fyrir rafmagn og heitt vatn, eldsneytisnotkun/ferðir, pappír, ræstingar og aðrar rekstrarvörur í skrefi 2. Þessir flokkar eru jafnframt í samræmi við lykiltölur sænsku umhverfisstjórnunarstofnunarinnar, en þær eru lagðar til grundvallar í fræðsluefni til fyrirtækja og stofnanna sem skrifað hafa undir yfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar og vinna nú að markmiðasetningu í loftslagsmálum.

Grænt bókhald	Mælikvarðar	Mælikvarðar grænna skrefa
Rafmagn og heitt vatn	kWst/stöðugildi kWst/m <sup>2</sup>	kWst/stöðugildi kWst/m <sup>2</sup>
Eldsneytisnotkun/ferðir	Lítrar af jarðefnaeldsneyti CO <sup>2</sup> ígildi (t) Hlutfall vishæfra bíla	Hlutfall km á endurnýjanlegu eldsneyti og km/stg CO <sup>2</sup> ígildi (t) og CO <sup>2</sup> (t)/stg
Úrgangur/endurvinnsla	Hlutfall (ó)flokkaðs úrgangs	Hlutfall flokkaðs/óflokkaðs úrgangs
Pappír	kg/stg	kg/stg
Ræstingar	Óútfært	ltr/stg
Aðrar rekstrarvörur	Óútfært	gr/stk pr stg
Innkaup með umhverfisskilyrðum	Fjöldi útboða með umhverfissk. VINN eða ESB	

Tafla 1 - Yfirlit umhverfisþátta og mælikvarða í grænu bókhaldi.

<sup>2</sup> Loftslagsstefna Reykjavíkurborgar – Markmið um kolefnishlutleysi og aðlögun að loftslagsbreytingum ásamt aðgerðaráætlun til ársins 2020 samþykkt 27. júní 2016.

## Útfærsla og framsetning

### Almennt fyrirkomulag

Starfshópurinn leggur til að ábyrgðaraðili birtingar græns bókhalds fyrir Reykjavíkurborg í heild sinni verði verkefnastjóri Grænna skrefa á Umhverfis- og skipulagssviði. Grænt bókhald verði kynnt borgarráði samhliða ársuppgjöri borgarinnar og samræmd birting verði í gegnum heimasíðu Grænna skrefa þaðan sem mögulegt er að tengja við heimasíðu Reykjavíkurborgar. Samráðsnefnd Grænna skrefa haldi utan um þættina sem grænt bókhald tekur til fyrir viðkomandi svið. Æskilegt er að fulltrúar í samráðsnefndinni komi frá öllum sviðum og hafi skýrt hlutverk þegar kemur að tengingu við fjárhagsuppgjör, tölfræðiúrvinnslu eða gagnamál<sup>3</sup>. Samráðsnefndin fylgist með stöðu mála á sviðinu, kemur með tillögur að stefnubreytingum eða aðgerðum fyrir sviðið í heild og er í samstarfi við innkaupaskrifstofu, verkefnastjóra Grænna skrefa, tölfræði og greiningu og eftir atvikum aðra um útfærslu umbóta. Fulltrúar hvers sviðs í samráðsnefndinni eru í samskiptum við umhverfisfulltrúa sem eru ábyrgir fyrir færslu bókhaldsins á hverjum starfsstað. Birtingin verði tvíþætt, annars vegar fyrir Reykjavíkurborg í heild og hins vegar hver og einn starfsstaður. Mikilvægt er að samþætta umhverfismál inn í starfsemi Reykjavíkurborgar. Tengja má grænt bókhald fjárhagsuppgjöri í auknum mæli og horfa til samræmdrar birtingar, til dæmis í gegnum ársskýrslu Reykjavíkurborgar, en slíkar skýrslur hafa gefist vel til þess að draga fram áhersluatriði í rekstri og árangur í umhverfis- og samfélagsmálum.

Tölfræði og greining í Miðlægri stjórnsýslu verði ábyrg fyrir aðgengileika gagna og verður í samstarfi við verkefnastjóra Grænna skrefa um útfærslu samræmdrar birtingar. Tölfræði og greining verður einnig í samstarfi við innkaupadeild og eftir atvikum aðra aðila um að fá afhent gögn og ýtir á eftir úrbótum þar sem þeirra er þörf, til dæmis við reikningagerð birgja, svo mögulegt sé að bæta við umhverfisflokkum.

Fjármálaskrifstofu verði falið að útbúa möppu „Grænt bókhald“ í skýrslu hluta bókhaldskerfisins og hafa þar aðgengilegar fyrirspurnir þar sem tengiliðir sviða og ábyrgðaraðilar geta nálgast upplýsingar um stöðu mála, sett í samhengi við breytur eins og fjölda stöðugilda og tekið saman mælikvarða til miðlunar á árangri. Tilbúnað fyrirspurnir í bókhaldskerfi borgarinnar nýtast einnig umhverfisfulltrúum Grænna skrefa á hverjum starfsstað fyrir sig við skráningu græns bókhalds fyrir sína starfsstöð. Rafmagn og hiti er fyrsti flokkurinn sem verður settur upp með þessum hætti og vinnan við uppsetningu skýrslunnar er langt komin.

---

<sup>3</sup> Skoða má samlegðaráhrif þess að tengja þessa vinnu að einhverju leyti við fyrirhugaða skilgreiningavinnu starfshóps um samræmingu í gagnamálum og horfa einnig til fyrirhugaðrar vinnu við stefnu Reykjavíkurborgar í samfélagslegri ábyrgð.



## Umhverfiflokkar

### Rafmagn og heitt vatn

Markmið: Minni notkun rafmagns og heitavatns.

Mælikvarðar:

Rafmagn kWst/stöðugildi og kWst/m<sup>2</sup> húsnæði.

Heitt vatn m<sup>3</sup>/stöðugildi og m<sup>3</sup>/m<sup>2</sup> húsnæðis.

Upphæðir vegna rafmagns, hita og kalda vatns er hægt að kalla fram úr bókhaldinu og vinnur fjármálaskrifstofa að því að setja upp skýrslu í bókhaldi þar sem fram koma bæði fjárhæðir og notkun á rafmagni og heitu vatni fyrir öll veitunúmer (vídd 5).

Starfshópurinn kallaði eftir upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur um orkunotkun niður á mæla og hú sveitunúmer fyrir árin 2014 og 2015. Unnið er að því að setja upp viðbótar flipa „Notkun“ á tilvísanirnar; RAFMAGN og HITI í fjárhagsbókhaldi og verða upplýsingar frá OR um ársnotkun lesnar inn miðlægt og þar með verður hægt að taka út notkun á rafmagni og heitu vatni eftir kostnaðarstöðum og sviðum og bera saman við fyrri ár.

Starfshópurinn skoðaði einnig möguleika á meiri síritun en nú er, en slíkt fyrirkomulag hefur í för með sér aukið eftirlit með notkun rafmagns og hita. Kallað var eftir upplýsingum um mæla Reykjavíkurborgar hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Reykjavíkurborg er með 1.370 mæla frá Orkuveitu Reykjavíkur<sup>4</sup>. Samkvæmt upplýsingum frá Orkuveitunni er kostnaðarsamt að skipta út mælum fyrir síritamæla en notendur geta þó hringt inn tölur eins oft og þeir vilja og byggja þá mánaðarlegir reikningar síður á áætlun.

Starfshópurinn mat það svo að ekki svari kostnaði og fyrirhöfn að auka tíðni álestra markvisst þar sem fyrirkomulag græns bókhalds þarf að vera í sem sjálfvirkustu ferli ef framkvæmd þess á að vera raunhæf þvert á svið borgarinnar. Þetta er þó áhugaverður kostur fyrir þá starfsstaði sem kjósa að fylgjast örar með orkunotkun sinni, en stöðugt eftirlit getur fljótt borgað sig. Þeir starfsstaðir sem það kjósa geta fylgst með uppgjörum í Rekstrarskýrslu „Veitur (sími, rafmagn, hiti, vatn)“ sem er hægt að kalla fram úr bókhaldskerfi og sést þá kostnaður, brotin niður á kostnaðarstaði (vídd 1), mánuði, kalt vatn, heitt vatn, rafmagn og síma.

---

<sup>4</sup> 1.312 mælar sem lesið er á árlega, 53 XAT mælar sem lesið er á mánaðarlega og 5 XAA mælar sem lesið er á daglega.

## Eldsneytisnotkun/ferðir

Markmið: Minni notkun jarðefnaeldsneytis.

Mælikvarðar:

- a) Akstur á bílum Reykjavíkurborgar
  1. Lítrar af jarðefnaeldsneyti<sup>5</sup>
  2. Heildar CO<sup>2</sup> ígildi (t)
  3. Hlutfall visthæfra bíla í rekstri Reykjavíkurborgar<sup>6</sup>
- b) Akstur samkvæmt akstursdagbók
  1. Lítrar af jarðefnaeldsneyti reiknað út frá eignum km
  2. Heildar CO<sup>2</sup> ígildi (t)
- c) Leigubílar
  1. Lítrar af jarðefnaeldsneyti reiknað út frá eignum km
  2. Heildar CO<sup>2</sup> ígildi (t)
- d) Flug
  1. Heildar CO<sup>2</sup> ígildi (t)

Akstur ökutækja Reykjavíkurborgar: Yfirlit er til staðar í bókhaldinu yfir öll tæki sem nota eldsneyti og kostnaður vegna eldsneytis er sundurliðaður niður á bílnúmer. Aftur á móti liggja ekki fyrir upplýsingar um akstur því ekki er skylduskráning á km stöðu. Upplýsingar um magn jarðefnaeldsneytis eru aðgengilegar frá birgjum og út frá þeim er mögulegt að reikna losun koltvíoxíðs niður á bílnúmer. Hver og einn starfsstaður getur jafnframt nýtt þessi gögn til þess að reikna sína losun.

Akstur starfsmanna á eigin bíl í þágu Reykjavíkurborgar: Upplýsingar um ekna km koma úr mannauðskerfi, meðaleyðsla bensín fólksbíla er 11,1 l/100 km og dísel fólksbíla 9,6 l/km sbr. aðferðum og stuðlum við útreikning á koldíoxíð losun frá umhverfis- og gæðastjóra USK, skjalnúmer LB-03, útg. 03.

Díselbílar eru 48% af nýskráðum bifreiðum í febrúar 2016, bensínbílar 43%, bensín/metan 3%, bensín/raf.tengill 3%, bensín/rafmagn 2% og rafmagnsbílar 1%<sup>7</sup>. Nota má þetta hlutfall til þess að áætla eldsneytismagn út frá eignum km.

Flug: Haldið er utan um ferðaheimildir í bókhaldi og allur kostnaður vegna ferðarinnar er skráður sundurliðaður niður á ferðanúmer. Upplýsingar um ferðina eru í texta og erfitt að fá út úr bókhaldskerfi hvert ferðin er nákvæmlega. Til þess að unnt sé að halda utan um losun Reykjavíkurborgar í heild sinni vegna flugferða þarf að bæta skráningu losunar inn í vinnulag við skráningu ferðaheimildar. Að svo stöddu er mögulegt að skrá viðkomuland í sérstakan reit þegar ferðabeiðni er stofnuð<sup>8</sup>. Hver og einn starfsstaður heldur eftir sem áður utan um losun miðað við nánari áfangastað (flugvöll). Horfa þar til

<sup>5</sup> Innkaupaskrifstofa tekur saman gögn frá birgjum niður á bílnúmer, magn fyrir árið 2015 liggur fyrir.

<sup>6</sup> Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar taki saman hlutfall árlega.

<sup>7</sup> Orkugjafar, fólksbifreiðar 1.2.2016-20.2.2016 <http://bifreidatolur.samgongustofa.is/?nid=1156>

<sup>8</sup> icao.int sýnir útreikninga á CO<sub>2</sub> losun fyrir hvert flug

umbóta á þessu fyrirkomulagi í bókhaldskerfi eða koma á fót miðlægu utanumhaldi með losun vegna flugferða Reykjavíkurborgar.

### Úrgangur/endurvinnsla

Markmið: Minna magn blandaðs úrgangs og aukið hlutfall úrgangs til endurnýtingar.

Mælikvarði: Hlutfall flokkaðs úrgangs af heildarúrgangi sem til fellur úr starfseminni.

Mælikvarði: Magn blandaðs úrgangs.

Íslenska gámaþjónustan er þjónustuaðili Reykjavíkurborgar og hefur upplýsingar um öll ílát, losanir og magn úr hverju íláti / hverjum úrgangsflokki. Gera má ráð fyrir að flokkuð endurvinnsluefni fari til endurnýtingar og lífrænn í jarðgerð. Kostnaður er mismunandi eftir tegund úrgangs og er mun dýrara að skila óflokkuðum úrgangi en flokkuðum.

### Viðbótarflokkar

Eins og fyrirkomulagið er núna þá er fjárhagsbókhald Reykjavíkurborgar ekki notað til þess að bóka sundurliðun á vörur. Sem dæmi má nefna að pappír, prentverk og jafnvel ritföng er skráð á sömu tvo bókhaldslyklana og ekki þykir vænlegt að setja algengast 80 gramma ljósritunar/prentpappír á sér bókhaldslykil. Þar sem ekki er pantað í gegnum innkaupakerfi þá fylgja ekki upplýsingar um vöruflokka eða nánari upplýsingar eins og þyngd vöru. Í bókhaldskerfi Reykjavíkurborgar er því einungis mögulegt að nálgast upplýsingar um upphæðir reikninga, en ekki þyngd eða magn pappírs eða magn hreinlætisefna.

Sá möguleiki er fyrir hendi að kalla eftir nauðsynlegum upplýsingum frá birgjum í rammSAMNING og taka saman handvirkt. Starfshópurinn leggur til að flokkurinn pappír, ræstingar og aðrar rekstrarvörur verði hluti af grænu bókhaldi þegar mögulegt er að halda utan um upplýsingar í ferli sem er sjálfvirkara. Innkaupaskrifstofu verði falið að kalla eftir viðeigandi magnupplýsingum frá birgjum.

### Pappír

Markmið: Minni notkun pappírs.

Mælikvarði: kg/stöðugildi.

### Ræstingar

Markmið: Minna magn ræstiefna.

Mælikvarði (sbr. Græn skref): lítrar/m<sup>2</sup> húsnæðis.

## Aðrar rekstarvörur

Markmið: Minna magn rekstrarvara.

Mælikvarði (sbr. Græn skref): gr/ltr pr. stöðugildi.

## Innkaup með umhverfisskilyrðum

Markmið: Aukin fjöldi innkaupasamninga með umhverfisskilyrði.

Mælikvarði (sbr. vinn.is): Fjöldi útboða með umhverfisskilyrðum VINN eða ESB.

Innkaupaskrifstofa kemur að öllum útboðum og verðfyrirspurnum á vegum borgarinnar. Í útboðum er hægt að setja fram umhverfisskilyrði með ýmsum hætti, sem lágmarksskilyrði, matsskilyrði eða samningsskilyrði. Umhverfisskilyrði í útboðum þurfa að byggja á faglegri þekkingu á umhverfismálum og á innkaupalöggjöf auk þess að vera raunhæf. Góð reynsla er að slíkum útboðum á vegum borgarinnar og hefur verið sýnt fram á að þau hafa drifið áfram nýsköpun og nýjungar tengdum umhverfismálum hjá birgjum, t.d. hvað varðar ræstingar og prentþjónustu. Búið er skilgreina umhverfisviðmið fyrir ýmsa vöruflokka, svo sem umhverfisskilyrði VINN og umhverfisskilyrði ESB. Auðveldlega má fella grunn- eða ítarviðmið umhverfisskilyrða VINN inn í útboðsgögn. Hægt er að nota þau í heilu lagi eða að hluta. Fram þarf að koma hvaða gögn skuli fylgja með tilboði til að sanna uppfyllingu skilyrða. Með því að umhverfisskilyrði verði sér kafla í skapalónum útboða sem Innkaupaskrifstofa heldur utan um má auðvelda utanumhald á fjölda útboða með umhverfisskilyrðum VINN eða ESB.



## ERINDISBRÉF

### Starfshópur um grænt bókhald Reykjavíkurborgar

**Ábyrgðarmaður:**

Borgarstjórinn í Reykjavík.

**Hlutverk:**

Hlutverk starfshópsins felst í að koma upp grænu bókhaldi fyrir nokkra helstu umhverfisþætti í rekstri Reykjavíkurborgar í þeim tilgangi að fá yfirsýn og viðmið sem skilar fjárhagslegum og umhverfislegum ávinningi. Bókhaldið nái til allra starfseininga borgarinnar í A-hluta. Starfshópurinn undirbúi gerð græns bókhalds fyrir árið 2016.

**Helstu verkefni:**

- Tillögur að umhverfispáttum sem grænt bókhald taki til, s.s. eldsneytisnotkun, úrgangsmýndun og raforkunotkun.
- Tillögur að útfærslu græns bókhalds í bókhaldskerfi Reykjavíkurborgar.
- Tillögur að úrvinnslu og framsetningu græns bókhalds hjá Reykjavíkurborg.

**Starfshópurinn skipa:**

Þórhildur Ósk Halldórsdóttir, tölfræði og greiningu (formaður).

Lúðvík Vilhelmsson, fjármálaskrifstofu.

Eygerður Margrétardóttir, umhverfis- og skipulagssviði.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu

**Starfstímabil:**

Starfshópur skili ábyrgðarmanni niðurstöðum fyrir 1. mars 2016.

Reykjavík, 15. janúar 2016

Dagur B. Eggertsson

Borgarráð

### ***Grænt bókhald Reykjavíkurborgar***

Lögð er fram skýrsla starfshóps um grænt bókhald Reykjavíkurborgar dags. 24. nóvember 2016. Lagt er til að eftirfarandi tillaga starfshópsins verði samþykkt og vísað til meðferðar verkefnistjóra grænna skrefa á umhverfis- og skipulagssviði:

Lagt er til að tengiliður á hverju sviði haldi utan um þættina sem grænt bókhald tekur til fyrir viðkomandi svið og að umhverfisfulltrúar grænna skrefa geti skráð grænt bókhald fyrir sinn starfsstað sérstaklega, auk þess sem grænt bókhald fyrir skilgreinda umhverfisþætti verði birt fyrir Reykjavíkurborg í heild sinni.

Greinargerð:

Hlutverk starfshóps um grænt bókhald Reykjavíkurborgar samkvæmt erindisbréfi var að koma upp grænu bókhaldi fyrir starfseiningar í A-hluta Reykjavíkurborgar árið 2016 og voru helstu verkefni að gera tillögur að umhverfisþáttum sem grænt bókhald taki til, s.s. eldsneytisnotkun, úrgangsmýndun og raforkunotkun, gera tillögur að útfærslu græns bókhalds í bókhaldskerfi Reykjavíkurborgar og gera tillögur að úrvinnslu og framsetningu græns bókhalds hjá Reykjavíkurborg.

Tillögur starfshópsins miða að því að tengja umhverfisþætti sem grænt bókhald tekur til við loftslagsmarkmið Reykjavíkurborgar og færa til samræmis við grænt bókhald VINN og græn skref Reykjavíkurborgar, en færsla bókhalds í grænum skrefum var endurskoðuð samhliða nýrri loftslagsstefnu, nú munu allir starfsstaðir Reykjavíkurborgar færa bókhald fyrir úrgang í skrefi 1 og fyrir rafmagn og heitt vatn, ferðir, pappír, ræstingar og aðrar rekstrarvörur í skrefi 2.

Ábyrgðaraðili birtingar græns bókhalds fyrir Reykjavíkurborg í heild sinni verði verkefnastjóri grænna skrefa á umhverfis- og skipulagssviði. Grænt bókhald verði kynnt borgarráði samhliða ársuppgjöri borgarinnar og samræmd birting verði í gegnum heimasíðu grænna skrefa þaðan sem mögulegt er að tengja við heimasíðu Reykjavíkurborgar. Samráðsnefnd grænna skrefa haldi utan um þættina sem grænt bókhald tekur til fyrir viðkomandi svið. Æskilegt er að fulltrúar í samráðsnefndinni komi frá öllum sviðum og hafi skýrt hlutverk þegar kemur að tengingu við fjárhagsuppgjör, tölfræðiúrvinnslu eða gagnamál. Samráðsnefndin fylgist með stöðu mála á sviðinu, kemur með tillögur að stefnubreytingum eða aðgerðum fyrir sviðið í heild og er í samstarfi við innkaupadeild, verkefnastjóra grænna

skrefa, tölfræði og greiningu og eftir atvikum aðra um útfærslu umbóta. Fulltrúar hvers sviðs í samráðsnefndinni eru í samskiptum við umhverfisfulltrúa sem eru ábyrgir fyrir færslu bókhaldsins á hverjum starfsstað. Birtingin verði tvíþætt, annars vegar fyrir Reykjavíkurborg í heild og hins vegar hver og einn starfsstaður. Tengja má grænt bókhald fjárhagsuppgjöri í auknum mæli og horfa til samræmdrar birtingar, til dæmis í gegnum ársskýrslu Reykjavíkurborgar, en slíkar skýrslur hafa gefist vel til þess að draga fram áhersluatriði í rekstri og árangur í umhverfis- og samfélagsmálum.

Tölfræði og greining í miðlægrri stjórnsýslu verði ábyrg fyrir aðgengileika gagna og verður í samstarfi við verkefnastjóra grænna skrefa um útfærslu samræmdrar birtingar.

Fjármálaskrifstofa hafi aðgengilegar fyrirspurnir í skýrslu hluta bókhaldskerfisins þar sem tengiliðir sviða og ábyrgðaraðilar geta nálgast upplýsingar um stöðu mála, sett í samhengi við breytur eins og fjölda stöðugilda og tekið saman mælikvarða til miðlunar á árangri.

Sá möguleiki er fyrir hendi að kalla eftir nauðsynlegum upplýsingum frá birgjum í rammamening og taka saman handvirkt. Starfshópurinn leggur til að flokkurinn pappír, ræstingar og aðrar rekstrarvörur verði hluti af grænu bókhaldi þegar mögulegt er að halda utan um upplýsingar í ferli sem er sjálfvirkara. Innkaupadeild verði falið að kalla eftir viðeigandi magnupplýsingum frá birgjum og útboð og verðfyrirspurnir endurskoðuð með umhverfisskilyrði að leiðarljósi.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Skýrsla starfshóps um grænt bókhald Reykjavíkurborgar dags. 24. nóvember 2016.

Borgarráð

### ***Grænt bókhald Reykjavíkurborgar***

Lögð er fram skýrsla starfshóps um grænt bókhald Reykjavíkurborgar dags. 24. nóvember 2016. Lagt er til að eftirfarandi tillaga starfshópsins verði samþykkt og vísað til meðferðar fjármálaskrifstofu:

Lagt er til að fjármálaskrifstofu verði falið að útbúa einfaldar fyrirspurnir í bókhaldskerfinu fyrir grænt bókhald sem verði aðgengilegar í sér möppu „Grænt bókhald“.

Greinargerð:

Hlutverk starfshóps um grænt bókhald Reykjavíkurborgar samkvæmt erindisbréfi var að koma upp grænu bókhaldi fyrir starfseiningar í A-hluta Reykjavíkurborgar árið 2016 og voru helstu verkefni að gera tillögur að umhverfisþáttum sem grænt bókhald taki til, s.s. eldsneytisnotkun, úrgangsmyndun og raforkunotkun, gera tillögur að útfærslu græns bókhalds í bókhaldskerfi Reykjavíkurborgar og gera tillögur að úrvinnslu og framsetningu græns bókhalds hjá Reykjavíkurborg.

Tillögur starfshópsins miða að því að tengja umhverfisþætti sem grænt bókhald tekur til við loftslagsmarkmið Reykjavíkurborgar og færa til samræmis við grænt bókhald VINN og græn skref Reykjavíkurborgar, en færsla bókhalds í grænum skrefum var endurskoðuð samhliða nýrri loftslagsstefnu, nú munu allir starfsstaðir Reykjavíkurborgar færa bókhald fyrir úrgang í skrefi 1 og fyrir rafmagn og heitt vatn, ferðir, pappír, ræstingar og aðrar rekstrarvörur í skrefi 2.

Ábyrgðaraðili birtingar græns bókhalds fyrir Reykjavíkurborg í heild sinni verði verkefnastjóri grænna skrefa á umhverfis- og skipulagssviði. Grænt bókhald verði kynnt borgarráði samhliða ársuppgjöri borgarinnar og samræmd birting verði í gegnum heimasíðu grænna skrefa þaðan sem mögulegt er að tengja við heimasíðu Reykjavíkurborgar. Samráðsnefnd grænna skrefa haldi utan um þættina sem grænt bókhald tekur til fyrir viðkomandi svið. Æskilegt er að fulltrúar í samráðsnefndinni komi frá öllum sviðum og hafi skýrt hlutverk þegar kemur að tengingu við fjárhagsuppgjör, tölfræðiúrvinnslu eða gagnamál. Samráðsnefndin fylgist með stöðu mála á sviðinu, kemur með tillögur að stefnubreytingum eða aðgerðum fyrir sviðið í heild og er í samstarfi við innkaupadeild, verkefnastjóra grænna skrefa, tölfræði og greiningu og eftir atvikum aðra um útfærslu umbóta. Fulltrúar hvers sviðs



Í samráðsnefndinni eru í samskiptum við umhverfisfulltrúa sem eru ábyrgir fyrir færslu bókhaldsins á hverjum starfsstað. Birtingin verði tvíþætt, annars vegar fyrir Reykjavíkurborg í heild og hins vegar hver og einn starfsstaður. Tengja má grænt bókhald fjárhagsuppgjöri í auknum mæli og horfa til samræmdrar birtingar, til dæmis í gegnum ársskýrslu Reykjavíkurborgar, en slíkar skýrslur hafa gefist vel til þess að draga fram áhersluatriði í rekstri og árangur í umhverfis- og samfélagsmálum.

Tölfræði og greining í miðlægri stjórnsýslu verði ábyrg fyrir aðgengileika gagna og verður í samstarfi við verkefnastjóra grænna skrefa um útfærslu samræmdrar birtingar.

Fjármálaskrifstofa hafi aðgengilegar fyrirspurnir í skýrslu hluta bókhaldskerfisins þar sem tengiliðir sviða og ábyrgðaraðilar geta nálgast upplýsingar um stöðu mála, sett í samhengi við breytur eins og fjölda stöðugilda og tekið saman mælikvarða til miðlunar á árangri.

Sá möguleiki er fyrir hendi að kalla eftir nauðsynlegum upplýsingum frá birgjum í rammásamning og taka saman handvirkt. Starfshópurinn leggur til að flokkurinn pappír, ræstingar og aðrar rekstrarvörur verði hluti af grænu bókhaldi þegar mögulegt er að halda utan um upplýsingar í ferli sem er sjálfvirkara. Innkaupadeild verði falið að kalla eftir viðeigandi magnupplýsingum frá birgjum og útboð og verðfyrirspurnir endurskoðuð með umhverfisskilyrði að leiðarljósi.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Skýrsla starfshóps um grænt bókhald Reykjavíkurborgar dags. 24. nóvember 2016.

Borgarráð

### ***Grænt bókhald Reykjavíkurborgar***

Lögð er fram skýrsla starfshóps um grænt bókhald Reykjavíkurborgar dags. 24. nóvember 2016. Lagt er til að eftirfarandi tillaga starfshópsins verði samþykkt og vísað til meðferðar verkefnisstjóra grænna skrefa á umhverfis- og skipulagssviði, tölfræði og greiningar á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og fjármálaskrifstofu:

Lagt er til að fjármálaskrifstofu, verkefnisstjóra grænna skrefa og tölfræði og greiningu verði falið að útfæra verklag við skráningu CO<sup>2</sup> losunar vegna ferða.

Greinargerð:

Hlutverk starfshóps um grænt bókhald Reykjavíkurborgar samkvæmt erindisbréfi var að koma upp grænu bókhaldi fyrir starfseiningar í A-hluta Reykjavíkurborgar árið 2016 og voru helstu verkefni að gera tillögur að umhverfisþáttum sem grænt bókhald taki til, s.s. eldsneytisnotkun, úrgangsmýndun og raforkunotkun, gera tillögur að útfærslu græns bókhalds í bókhaldskerfi Reykjavíkurborgar og gera tillögur að úrvinnslu og framsetningu græns bókhalds hjá Reykjavíkurborg.

Tillögur starfshópsins miða að því að tengja umhverfisþætti sem grænt bókhald tekur til við loftslagsmarkmið Reykjavíkurborgar og færa til samræmis við grænt bókhald VINN og græn skref Reykjavíkurborgar, en færsla bókhalds í grænum skrefum var endurskoðuð samhliða nýrri loftslagsstefnu, nú munu allir starfsstaðir Reykjavíkurborgar færa bókhald fyrir úrgang í skrefi 1 og fyrir rafmagn og heitt vatn, ferðir, pappír, ræstingar og aðrar rekstrarvörur í skrefi 2.

Ábyrgðaraðili birtingar græns bókhalds fyrir Reykjavíkurborg í heild sinni verði verkefnastjóri grænna skrefa á umhverfis- og skipulagssviði. Grænt bókhald verði kynnt borgarráði samhliða ársuppgjöri borgarinnar og samræmd birting verði í gegnum heimasíðu grænna skrefa þaðan sem mögulegt er að tengja við heimasíðu Reykjavíkurborgar. Samráðsnefnd grænna skrefa haldi utan um þættina sem grænt bókhald tekur til fyrir viðkomandi svið. Æskilegt er að fulltrúar í samráðsnefndinni komi frá öllum sviðum og hafi skýrt hlutverk þegar kemur að tengingu við fjárhagsuppgjör, tölfræðiúrvinnslu eða gagnamál. Samráðsnefndin fylgist með stöðu mála á sviðinu, kemur með tillögur að stefnubreytingum eða aðgerðum fyrir sviðið í heild og er í samstarfi við innkaupadeild, verkefnastjóra grænna skrefa, tölfræði og greiningu og eftir atvikum aðra um útfærslu umbóta. Fulltrúar hvers sviðs

Í samráðsnefndinni eru í samskiptum við umhverfisfulltrúa sem eru ábyrgir fyrir færslu bókhaldsins á hverjum starfsstað. Birtingin verði tvíþætt, annars vegar fyrir Reykjavíkurborg í heild og hins vegar hver og einn starfsstaður. Tengja má grænt bókhald fjárhagsuppgjöri í auknum mæli og horfa til samræmdrar birtingar, til dæmis í gegnum ársskýrslu Reykjavíkurborgar, en slíkar skýrslur hafa gefist vel til þess að draga fram áhersluatriði í rekstri og árangur í umhverfis- og samfélagsmálum.

Tölfræði og greining í miðlægri stjórnsýslu verði ábyrg fyrir aðgengileika gagna og verður í samstarfi við verkefnastjóra grænna skrefa um útfærslu samræmdrar birtingar.

Fjármálaskrifstofa hafi aðgengilegar fyrirspurnir í skýrslu hluta bókhaldskerfisins þar sem tengiliðir sviða og ábyrgðaraðilar geta nálgast upplýsingar um stöðu mála, sett í samhengi við breytur eins og fjölda stöðugilda og tekið saman mælikvarða til miðlunar á árangri.

Sá möguleiki er fyrir hendi að kalla eftir nauðsynlegum upplýsingum frá birgjum í rammamning og taka saman handvirkt. Starfshópurinn leggur til að flokkurinn pappír, ræstingar og aðrar rekstrarvörur verði hluti af grænu bókhaldi þegar mögulegt er að halda utan um upplýsingar í ferli sem er sjálfvirkara. Innkaupadeild verði falið að kalla eftir viðeigandi magnupplýsingum frá birgjum og útboð og verðfyrirspurnir endurskoðuð með umhverfisskilyrði að leiðarljósi.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Skýrsla starfshóps um grænt bókhald Reykjavíkurborgar dags. 24. nóvember 2016.

Borgarráð

### ***Grænt bókhald Reykjavíkurborgar***

Lögð er fram skýrsla starfshóps um grænt bókhald Reykjavíkurborgar dags. 24. nóvember 2016. Lagt er til að eftirfarandi tillaga starfshópsins verði samþykkt og vísað til meðferðar verkefnisstjóra grænna skrefa á umhverfis- og skipulagssviði, tölfræði og greiningar á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og innkaupadeildar:

- Lagt er til að unnið verði að birtingu fyrir pappír, ræstingar og aðrar rekstrarvörur og að grænt bókhald Reykjavíkurborgar nái einnig til fjölda útboða með umhverfisskilyrðum VINN1 og/eða ESB.

Greinargerð:

Hlutverk starfshóps um grænt bókhald Reykjavíkurborgar samkvæmt erindisbréfi var að koma upp grænu bókhaldi fyrir starfseiningar í A-hluta Reykjavíkurborgar árið 2016 og voru helstu verkefni að gera tillögur að umhverfisþáttum sem grænt bókhald taki til, s.s. eldsneytisnotkun, úrgangsmyndun og raforkunotkun, gera tillögur að útfærslu græns bókhalds í bókhaldskerfi Reykjavíkurborgar og gera tillögur að úrvinnslu og framsetningu græns bókhalds hjá Reykjavíkurborg.

Tillögur starfshópsins miða að því að tengja umhverfisþætti sem grænt bókhald tekur til við loftslagsmarkmið Reykjavíkurborgar og færa til samræmis við grænt bókhald VINN og græn skref Reykjavíkurborgar, en færsla bókhalds í grænum skrefum var endurskoðuð samhliða nýrri loftslagsstefnu, nú munu allir starfsstaðir Reykjavíkurborgar færa bókhald fyrir úrgang í skrefi 1 og fyrir rafmagn og heitt vatn, ferðir, pappír, ræstingar og aðrar rekstrarvörur í skrefi 2.

Ábyrgðaraðili birtingar græns bókhalds fyrir Reykjavíkurborg í heild sinni verði verkefnastjóri grænna skrefa á umhverfis- og skipulagssviði. Grænt bókhald verði kynnt borgarráði samhliða ársuppgjöri borgarinnar og samræmd birting verði í gegnum heimasíðu grænna skrefa þaðan sem mögulegt er að tengja við heimasíðu Reykjavíkurborgar. Samráðsnefnd grænna skrefa haldi utan um þættina sem grænt bókhald tekur til fyrir viðkomandi svið. Æskilegt er að fulltrúar í samráðsnefndinni komi frá öllum sviðum og hafi skýrt hlutverk þegar kemur að tengingu við fjárhagsuppgjör, tölfræðiúrvinnslu eða gagnamál. Samráðsnefndin fylgist með stöðu mála á sviðinu, kemur með tillögur að stefnubreytingum eða aðgerðum fyrir sviðið í heild og er í samstarfi við innkaupadeild, verkefnastjóra grænna skrefa, tölfræði og greiningu og eftir atvikum aðra um útfærslu umbóta. Fulltrúar hvers sviðs

Í samráðsnefndinni eru í samskiptum við umhverfisfulltrúa sem eru ábyrgir fyrir færslu bókhaldsins á hverjum starfsstað. Birtingin verði tvíþætt, annars vegar fyrir Reykjavíkurborg í heild og hins vegar hver og einn starfsstaður. Tengja má grænt bókhald fjárhagsuppgjöri í auknum mæli og horfa til samræmdrar birtingar, til dæmis í gegnum ársskýrslu Reykjavíkurborgar, en slíkar skýrslur hafa gefist vel til þess að draga fram áhersluatriði í rekstri og árangur í umhverfis- og samfélagsmálum.

Tölfræði og greining í miðlægri stjórnsýslu verði ábyrg fyrir aðgengileika gagna og verður í samstarfi við verkefnastjóra grænna skrefa um útfærslu samræmdrar birtingar.

Fjármálaskrifstofa hafi aðgengilegar fyrirspurnir í skýrslu hluta bókhaldskerfisins þar sem tengiliðir sviða og ábyrgðaraðilar geta nálgast upplýsingar um stöðu mála, sett í samhengi við breytur eins og fjölda stöðugilda og tekið saman mælikvarða til miðlunar á árangri.

Sá möguleiki er fyrir hendi að kalla eftir nauðsynlegum upplýsingum frá birgjum í rammasamning og taka saman handvirkt. Starfshópurinn leggur til að flokkurinn pappír, ræstingar og aðrar rekstrarvörur verði hluti af grænu bókhaldi þegar mögulegt er að halda utan um upplýsingar í ferli sem er sjálfvirkara. Innkaupadeild verði falið að kalla eftir viðeigandi magnupplýsingum frá birgjum og útboð og verðfyrirspurnir endurskoðuð með umhverfisskilyrði að leiðarljósi.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Skýrsla starfshóps um grænt bókhald Reykjavíkurborgar dags. 24. nóvember 2016.

Borgarráð

### ***Grænt bókhald Reykjavíkurborgar***

Lögð er fram skýrsla starfshóps um grænt bókhald Reykjavíkurborgar dags. 24. nóvember 2016. Lagt er til að eftirfarandi tillögur starfshópsins verði samþykktar og vísað til meðferðar verkefnisstjóra grænna skrefa á umhverfis- og skipulagssviði og tölfraði og greiningar á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara:

- Lagt er til að umhverfisþættir sem grænt bókhald fyrir Reykjavíkurborg í heild verði í samræmi við grænt bókhald í grænum skrefum Reykjavíkurborgar. Til að byrja með verði bókhald birt fyrir: rafmagn og heitt vatn, eldsneytisnotkun/ferðir og úrgangur/endurvinnsla.
- Í skýrslu starfshópsins er lagt til verklag við skráningu á hverjum og einum þætti og er miðað við að ferlið sé sem sjálfvirkast.
- Lagt er til að grænt bókhald fyrir Reykjavíkurborg í heild verði kynnt borgarráði samhliða ársuppgjöri borgarinnar.
- Lagt er til að birting græns bókhalds verði í gegnum vefsíðuna [graenskref.reykjavik.is](http://graenskref.reykjavik.is) og þaðan verði tengt við heimasíðu Reykjavíkurborgar. Ábyrgðaraðilar birtingar fyrir Reykjavíkurborg í heild sinni verði verkefnistjóri grænna skrefa á umhverfis- og skipulagssviði og tölfraði og greining á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Greinargerð:

Hlutverk starfshóps um grænt bókhald Reykjavíkurborgar samkvæmt erindisbréfi var að koma upp grænu bókhaldi fyrir starfseiningar í A-hluta Reykjavíkurborgar árið 2016 og voru helstu verkefni að gera tillögur að umhverfisþáttum sem grænt bókhald taki til, s.s. eldsneytisnotkun, úrgangsmýndun og raforkunotkun, gera tillögur að útfærslu græns bókhalds í bókhaldskerfi Reykjavíkurborgar og gera tillögur að úrvinnslu og framsetningu græns bókhalds hjá Reykjavíkurborg.

Tillögur starfshópsins miða að því að tengja umhverfisþætti sem grænt bókhald tekur til við loftslagsmarkmið Reykjavíkurborgar og færa til samræmis við grænt bókhald VINN og græn skref Reykjavíkurborgar, en færsla bókhalds í grænum skrefum var endurskoðuð samhliða nýrri loftslagsstefnu, nú munu allir starfsstaðir Reykjavíkurborgar færa bókhald fyrir úrgang í skrefi 1 og fyrir rafmagn og heitt vatn, ferðir, pappír, ræstingar og aðrar rekstrarvörur í skrefi

2.

Ábyrgðaraðili birtingar græns bókhalds fyrir Reykjavíkurborg í heild sinni verði verkefnastjóri grænna skrefa á umhverfis- og skipulagssviði. Grænt bókhald verði kynnt borgarráði samhliða ársuppgjöri borgarinnar og samræmd birting verði í gegnum heimasíðu grænna skrefa þaðan sem mögulegt er að tengja við heimasíðu Reykjavíkurborgar. Samráðsnefnd grænna skrefa haldi utan um þættina sem grænt bókhald tekur til fyrir viðkomandi svið. Æskilegt er að fulltrúar í samráðsnefndinni komi frá öllum sviðum og hafi skýrt hlutverk þegar kemur að tengingu við fjárhagsuppgjör, tölfræðiúrvinnslu eða gagnamál. Samráðsnefndin fylgist með stöðu mála á sviðinu, kemur með tillögur að stefnubreytingum eða aðgerðum fyrir sviðið í heild og er í samstarfi við innkaupadeild, verkefnastjóra grænna skrefa, tölfræði og greiningu og eftir atvikum aðra um útfærslu umbóta. Fulltrúar hvers sviðs í samráðsnefndinni eru í samskiptum við umhverfisfulltrúa sem eru ábyrgir fyrir færslu bókhaldsins á hverjum starfsstað. Birtingin verði tvíþætt, annars vegar fyrir Reykjavíkurborg í heild og hins vegar hver og einn starfsstaður. Tengja má grænt bókhald fjárhagsuppgjöri í auknum mæli og horfa til samræmdrar birtingar, til dæmis í gegnum ársskýrslu Reykjavíkurborgar, en slíkar skýrslur hafa gefist vel til þess að draga fram áhersluatriði í rekstri og árangur í umhverfis- og samfélagsmálum.

Tölfræði og greining í miðlægrri stjórnsýslu verði ábyrg fyrir aðgengileika gagna og verður í samstarfi við verkefnastjóra grænna skrefa um útfærslu samræmdrar birtingar.

Fjármálaskrifstofa hafi aðgengilegar fyrirspurnir í skýrslu hluta bókhaldskerfisins þar sem tengiliðir sviða og ábyrgðaraðilar geta nálgast upplýsingar um stöðu mála, sett í samhengi við breytur eins og fjölda stöðugilda og tekið saman mælikvarða til miðlunar á árangri.

Sá möguleiki er fyrir hendi að kalla eftir nauðsynlegum upplýsingum frá birgjum í rammamning og taka saman handvirkt. Starfshópurinn leggur til að flokkurinn pappír, ræstingar og aðrar rekstrarvörur verði hluti af grænu bókhaldi þegar mögulegt er að halda utan um upplýsingar í ferli sem er sjálfvirkara. Innkaupadeild verði falið að kalla eftir viðeigandi magnupplýsingum frá birgjum og útboð og verðfyrirspurnir endurskoðuð með umhverfisskilyrði að leiðarljósi.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Skýrsla starfshóps um grænt bókhald Reykjavíkurborgar dags. 24. nóvember 2016.